



# SNJALLÖRYGGI

NOTENDALEIÐBEININGAR



SNJALLÖRYGGI

Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 - Njarðarнесi 1 | Akureyri | Sími 470 2400 - **Nánar á [oryggi.is](http://oryggi.is)**

# TIL HAMINGJU MEÐ SNJALLÖRYGGIÐ

---

Öryggismiðstöðin hefur allt frá árinu 1995 boðið upp á vandaðar öryggislausnir fyrir fyrirtæki og heimili. Með Snjallöryggi bjóðum við upp á nýja lausn í appi fyrir heimili og sum-arhús – öryggiskerfi sem þú hefur í hendi þér. Við vonum að það reynist þér vel.

Þessar leiðbeiningar auðvelda þér að nota nýja Snjallöryggið. Nánari upplýsingar er að finna á **[www.oryggi.is](http://www.oryggi.is)**. Ef þú ert í vafa um eitthvað er þér velkomið að hafa samband við þjónustuver í síma 570 2400.

Með bestu kveðju,  
starfsfólk Öryggismiðstöðvarinnar



# EFNISYFIRLIT

---

1. INNGANGUR	4
2. SNJALLÖRYGGI – APPIÐ	5
3. UPPHAFSSÍÐAN	6
4. AÐALVALMYND	7
5. SNJALLREGLUR	15
6. FLÝTILEIÐIR	23
7. MYNDSKEIÐ	25
8. TÆKIÐ	28
9. NOTENDUR	32
10. STAÐSETNINGAR	36
11. ATVIK	39
12. STILLINGAR	40
13. RAFHLÖÐUR	44
14. SNJALLTÆI SEM SNJALLÖRYGGI STYÐUR	49

# 1. INNGANGUR

---

Með Snjallöryggi getur þú notað snjallsímann þinn eða spjaldtölvuna til að stjórna heimilinu – hvar sem þú ert. Í appinu finnur þú allt sem þú þarft til að setja upp og stjórna Snjallöryggi.

Þessar notendaleiðbeiningar hjálpa þér að:

- Virkja vöktun í kerfinu og taka af verði
- Bregðast við viðvörðunum
- Taka við tilkynningum
- Bregðast við neyðarástandi
- Hafa eftirlit með eignum þínum
- Hafa umsjón með notendum
- Hafa umsjón með tækjum
- Skoða atvikaskráningu

# 2. SNJALLÖRYGGI – APPIÐ

---

Þú og aðrir notendur getið stillt og stjórnað kerfinu gegnum Snjallöryggisappið.



## INNSKRÁNING

Leitaðu að „Snjallöryggi“ á Google Play eða í App Store. Sjá einnig lágmarkskröfur fyrir stýrikerfi í App Store / Google Play.

Þú skráir þig inn með netfanginu sem þú gafst upp við pöntun og aðgangsorðinu sem þú fékkst hjá tæknimanninum.

1. Ýttu á Snjallöryggistáknid í símanum.
2. Sláðu inn netfang og aðgangsorð og ýttu svo á „Innskráning“.  
Þá opnast upphafssíðan.

## ÚTSKRÁNING

1. Ýttu á ≡ Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Útskráning“.
3. Ýttu á „Í lagi“.

# 3. UPPHAFSSÍÐAN

## Núverandi staðsetning/kerfi

Ýttu til að skipta um staðsetningu /kerfi ef þú ert með fleiri en eitt kerfi inn í appinu.

## Aðalvalmynd

Ýttu til að skipta um staðsetningu/kerfi ef þú ert með fleiri en eitt kerfi inn í appinu.

## Snjallregla

Vistuð snjallregla. Ýttu á heitið ef þú vilt skoða eða breyta reglunni.

## Stöðuhnappar

Ýttu til að virkja kerfið að hluta eða fullu. Þegar kerfið er á virkjað birtist nýr hnappur sem tekur kerfi af verði.

## Stöðutákn og texti

Núverandi staða kerfis.

## Flýtleiðir

Flýtleiðir í reglur, myndavélar, snjall-tæki o.fl. sem notendur velja sjálfir

## GSM

Tengistýrkur


## Vararafhlaða stjórnstöðvar

Hleðslustaða – birtist ef rafmagn fer af stjórnstöð.

## Kerfisupplýsingar

Ólesin skilaboð sem tengjast viðvörnum og villum.

Skilaboð um viðvaranir, undantekningar og villur. Grænt gátmerki táknar „engin skilaboð“ og kerfi í fullkomnu lagi.

Ýttu þá á „síur“ ef þú vilt sjá listann og gerðu því næst skilaboðaaagerðirnar virkar og óvirkar með þessum hnappi:  Ljúktu með því að ýta á „I lagi“.

## Flýtiadgangur

- SNJALLHEIMILI
- EFTIRLÆTI
- MYNDSKEIÐ

## Hitastig

Sýnir hitastig á heimilinu. Ýttu á hitastigið til að fá meiri upplýsingar.




# 4. VIRKJA KERFI OG TAKA AF VERÐI

---

Þú getur notað appið, fjarstýringuna, stjórnborðið og flögur til að virkja kerfi og taka af verði. Eftirfarandi möguleikar eru í boði:

- Virkja allt kerfið – allir skynjarar fara á vörð
- Virkja fyrir nótt – skynjarar sem tengdir hafa verið næturstillingu fara á vörð
- Virkja fyrir dag – skynjarar sem tengdir hafa verið dagstillingu fara á vörð
- Neyðarboð
- Taka kerfi af verði

Hægt er að sjá núverandi stöðu kerfis á upphafssíðunni (stöðutákn og stöðutexti). Þegar Snjallöryggi er virkjað birtist þetta tákn: 

Ef kerfið fer í útkall þegar það er á verði birtast eftirfarandi hnappar á upphafssíðunni:

 Ýttu á þennan hnapp ef þú vilt hringja í stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinnar í síma 530-2400.

 Ýttu á þennan hnapp til að taka kerfið af verði.

 Ýttu á þennan hnapp fyrir „hljóðlaust“ ástand. Kerfið er áfram tengt.

---

## 4.1 KERFIÐ ER ÁFRAM TENGT

Virkjaðu allt kerfið til að tryggja öryggi heimilisins þegar þú og fjölskyldan eruð að heiman. Ef þú hefur kveikt á seinkaðri virkjun kerfis (t.d. 15 eða 30 sek.), pípa bjalla og stjórnborð fram að virkjun kerfis.

Nánari upplýsingar eru á bls. 11.

Svona virkjar þú allt kerfið:

**Appið:** Ýttu á: 

**Fjarstýring:** Ýttu á: 

**Stjórnborð:** Ýttu á: 

## 4.2 NÆTURSTILLING

Gættu tiltekinna svæða sem eru berskjölduð fyrir innbrotum á meðan þú sefur. Þú getur t.d. tengt alla skynjara á jarðhæðinni en haft skynjarann á fyrstu hæðinni, þar sem svefnherbergið er, ótengdan.

Svona virkjar þú næturstillingu:

**Appið:** Ýttu á: 

**Fjarstýring:** Ýttu á 

**Stjórnborð:** Ýttu á 



---

## 4.3 DAGSTILLING

Með dagstillingu geturðu tryggt öryggi fjölskyldunnar þegar hún er heima yfir daginn. Þú getur t.d. tengt valda skynjara við aðal-, bakdyr, kjallara eða bílskúr þegar þú eða fjölskyldan er heima.


Svona virkjarðu dagstillingu:

**Appið:** Ýttu á 

**Fjarstýring:** Ýttu á 

**Stjórnborð:** Ýttu á 

## 4.4 TAKA AF VERÐI

Þegar Snjallöryggi er á verði birtist á upphafssíðunni 

Svona tekur þú kerfið af verði:

**Appið:** Ýttu á . (Sláðu inn PIN-númer ef þú hefur virkjað PIN aðgangskóða).

**Fjarstýring:** Ýttu á 

**Stjórnborð:** Berðu flöguna þétt upp að stjórnborðinu. (Ef þú hefur tengt aðgangskóða við flögu skaltu fyrst slá kóðann inn og síðan halda flögunni upp að stjórnborðinu.) Nánar um stjórnborð á næstu síðu.

Ef þú ert ekki með virkjaðan aðgangskóða þarftu bara að halda flögunni upp að stjórnborðinu.

### **Virkja allt kerfi**

Setur alla skynjara á vörð.

### **Næturstilling**

Setur þá skynjara á vörð sem hafa verið skilgreindir fyrir næturstillingu.



### **Dagstilling**

Setur þá skynjara á vörð sem hafa verið skilgreindir fyrir dagstillingu.

### **Neyðarboð**

Er ekki fyrirfram virkjað í kerfinu en hægt að velja.

## **Notkun á stjórnborði**

Hægt er að velja um að nota stjórnborð einungis með flögu eða aðgangskóða og flögu.

Sért þú með aðgangskóða færðu þrjár tilraunir til að slá inn fjögurra talna kóðann.

Ef þú slærð þrjár sinnum inn rangan kóða læsist stjórnborðið í fimm mínútur.

Að fimm mínútum liðnum virkar kóðinn aftur.

Enn fremur hefur þú fimm sekúndur til að slá hverja tölu inn.

Þegar þú hefur slegið kóðann inn hefurðu tíu sekúndur til að halda flöggunni upp að lesaranum.

Ef þú ferð yfir tímann sem þú hefur til ráðstöfunar þarftu að byrja upp á nýtt.

Þetta telst þó ekki sem rangur innsláttur.

## **Svona slærðu inn PIN kóða**

Ýttu á hnappana fyrir tölurnar í kóðanum.

Ef kóðinn er t.d. „4568“ skaltu ýta þrjár sinnum á hnappinn „4-5-6“ og einu sinni á „7-8-9“.

## **Svona tekur þú kerfið af vörð**


Sláðu kóðann hægt inn og berðu flöguna þétt upp að stjórnborðinu.

---

## 4.5 SVONA STILLIR ÞÚ AÐGANGSNÚMERIÐ

Þú getur aukið öryggisstigið með því að stilla kóða fyrir stjórnborð. Þá verður að nota kóðann fyrir flöguna þegar þú vilt aftengja Snjallöryggið.

### Svona grunnstillir þú öryggisstigið

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Stillingar“.
3. Ýttu á „Aðgangskóði flögu“.
4. Veldu lengd (tölustafafjöldi) kóðans (fjórir til tíu tölustafir).
5. Ýttu á „<“.

**Athugaðu:** Ef þú vilt gera aðgangskóða viðvörunarflogunnar óvirkan skaltu velja „Enginn kóði“ og ýta því næst á „<“.

---

## 4.6 STILLA ÚTGÖNGUTÍMA

Eiginleikinn gefur þér tiltekinn sekúndufjölda til að yfirgefa heimilið svo að þú getir yfirgefið svæðið án þess að sírenan fari í gang.

Þegar allt kerfið er virkjað þípa sírenan og stjórnborðið þangað til kerfið er tengt.



### Niðurtalning á skjá

Þegar þú virkjar allt kerfið í appinu birtist niðurtalningarskjár í símanum.

Niðurtalningin sýnir hversu margar sekúndur þú hefur til að yfirgefa svæðið áður en kerfið tengist.

### Athugið:

Seinkuð virkjun gildir eingöngu þegar allt kerfið er virkjað.

### Svona stillir þú seinkaða virkjun kerfis

1. Ýttu á ☰. Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Stillingar“.
3. Ýttu á „Seinkuð virkjun“.
4. Sláðu inn sekúndufjöldann sem seinkunin á að vara.

Ef hljóðið á útgöngutímanum truflar þig, ráðleggjum við að stilla sömu skynjara á stillinguna „Virkja fyrir dag“ og eru á stillingunni „Virkja allt“.

Sé kerfið virkjað á dagstillingu með appinu heyrast engin útgönguhljóð.

---

## 4.7 ÞVINGUÐ VIRKJUN

Setja á vörð	
Eftirfarandi kom upp í kerfinu: Opin svæði: Opnar svaladyr	
Afturkalla	Þvinga tengingu

### Villutilkynning: Aðgerðin mistókst

Til að setja Snjallöryggi á vörð verða allir skynjarar öryggiskerfisins að vera í biðstöðu/lokaðir.

Ef eitt eða fleiri tæki eru opin eða án tengingar birtist gluggi með villutilkynningu í appinu.

### Svona þvingar þú fram virkjun kerfisins

#### Appið

Ýttu á hnappinn „halda áfram“ og þá er kerfið þvingað til tengingar og opnir/virkir skynjarar af-tengdir og senda þá ekki frá sér boð.

#### Stjórnborð

Ýttu á hnappinn fyrir þá stillingu sem þú vilt virkja þar til hann blikkar í rauðum lit.

## 4.8 NEYÐARBOÐ

Í neyðartilvikum geturðu virkjað neyðarboð með fjarstýringunni eða stjórnborði.



### SOS-hnappur á stjórnborði

#### Svona virkjarðu neyðarboð

Haltu SOS-hnappinum inni í minnst fimm sekúndur. Neyðarboð berst samstundis til stjórnstöðvar, sem sendir öryggisvörð á staðinn. Jafnframt er lögregla kölluð til. Notið SOS-hnappinn einungis í algjörrri neyð.



### SOS-hnappar á fjarstýringunni

#### Svona virkjar þú neyðarboð

Ýttu samtímis á báða SOS-hnappana.

# 5. SNJALLREGLUR

---

Með snjallreglum getur þú látið kerfið framkvæma sjálfvirkar aðgerðir sem þú skilgreinir út frá tilteknum aðstæðum / tímasetningum.

Til dæmis geturðu búið til snjallreglu sem sendir þér áminningu í appið þegar kerfi er tekið af verði milli kl. 13:00 og 15:00 á virkum dögum, ef þú vilt t.d. fylgjast með að krakkar skili sér á réttum tíma heim úr skóla.

Hver snjallregla getur haft eina eða fleiri svokallaðar kveikjur, sem ákvarða hvenær á að framkvæma eina eða fleiri aðgerðir.

Hvaða kveikjur og aðgerðir eru tiltækar fyrir snjallreglu er háð aðstæðum og þeim tækjum sem þú hefur sett upp.

Kerfið styður allt að 20 snjallreglur í einu.

---

## 5.1 KVEIKJUR


Til eru þrenns konar kveikjur: **A.** Dagatal **B.** Viðvörðun og **C.** Atvik. Kveikjur eru tilvik sem hafa í för með sér framkvæmd snjallreglu. Sérhver snjallregla krefst að minnsta kosti einnar kveikju.

### A. Dagatalskveikjur

Tímasett kveikja sem á sér stað á tilteknum tímapunkti eða innan ákveðins tímaramma.



Á sér stað einu sinni á tilteknum tíma dagsins.  
Til dæmis 8. maí kl. 10:30.



Á sér stað einu sinni innan ákveðins tímaramma.  
Til dæmis 8. maí milli kl. 10:30 og 11:30.



Endurtekið á ákveðnum tímapunkti á völdum dagsetningum.  
Til dæmis á hverjum mánudegi kl. 10:30, frá 8. maí til 15. desember.



Endurtekin kveikja innan áætlaðs tímaramma.  
Til dæmis á hverjum mánudegi milli kl. 10:30 og 11:30 frá 8. maí til 15. desember.



---

## B. Viðvörðunarkveikjur

Hægt er að setja upp snjallreglur fyrir eftirfarandi stillingar:

- Kerfi tekið af verði
- Allt kerfi virkjað
- Dagstilling virkjuð
- Næturstilling virkjuð
- Innbrotsboð

## C. Atvikskveikjur

Hægt er að setja upp snjallreglur fyrir skráð tæki í kerfinu, til dæmis:

**Hreyfiskynjari með myndavél:** Hitastig sem er hærra eða lægra en kveðið er á um.

**Hreyfiskynjari:** Við boð frá skynjara / hitastig sem er hærra eða lægra en kveðið er á um.

**Hurðarrofi:** Opnið / lokað / hitastig sem er hærra eða lægra en kveðið er á um.

**Reyfskynjari:** Við boð frá skynjara.

**Snjalltæki:** Aðgangsstýring. Ólæst / læst / virkjað handvirkt / gert óvirkt handvirkt.

---

## 5.2 AÐGERÐIR Í SNJALLREGLUM

Þú getur skilgreint þær aðgerðir sem snjallreglan á að framkvæma þegar tiltekin kveikja verður virk. Sérhver snjallregla krefst að minnsta kosti einnar aðgerðar. Þú getur stillt reglu til að framkvæma fleiri aðgerðir.



Til eru sex gerðir aðgerða:

- 1. Virkjunarstillingar:** Virkja kerfi.  
Þessi aðgerð er aðeins tiltæk fyrir tímasettar kveikjur. Þú getur til dæmis tímasett að virkja allt kerfið sjálfvirkt á hverju kvöldi kl. 23:30.
- 2. Tæki – Snjalltæki Z-Wave:** Stilltu aðgerð fyrir ákveðið tæki í Z-Wave netinu þínu.  
Þú getur til dæmis stillt snjalltæki á að kveikja ljós á tilteknum tíma dagsins.
- 3. Taka upp myndskleið – hreyfiskynjari með myndavél:** Taktu upp myndskleið.  
Þú getur til dæmis stillt myndavél á að taka upp myndskleið í hvert sinn sem aðaldyrnar eru opnaðar.
- 4. Sírena:** Sírenan hringir einu sinni eða tvisvar.  
Þú getur til dæmis stillt sírenuna á að hringja í hvert sinn sem aðaldyrnar eru opnaðar.
- 5. Sendu tilkynningu:** Kerfið sendir tölvupóst eða tilkynningu.  
Þú getur til dæmis stillt kerfið á að senda skilaboð með textanum „Kerfið er á verði“ í hvert skipti sem allt kerfið er virkjað.
- 6. Vekjari:** Stilltu innbyggðu vekjaraklukkuna í farsímanum á að gefa frá sér pípmærki á tilsettum tíma.

---

## 5.3 SVONA BÝRÐU TIL SNJALLREGLU



**Athugið:** Við notum dæmi til að lýsa ferlinu:

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Snjallreglur“.
3. Ýttu á „Bæta við snjallreglu“.
4. Sláðu inn heiti snjallreglunnar og ýttu á „Í lagi“. Til dæmis „Prófunarregla“.
5. Ýttu á „Kveikja“ (+). Þá verður beðið um að þú veljir gerð kveikju.
6. Ýttu á þá gerð kveikju sem þú vilt búa til. Við viljum til dæmis búa til atvikskveikju fyrir eitt af tækjum kerfisins. Þess vegna ýtum við á „Atvik“. Listi yfir tegundir kveikja sem eru í boði birtist. Athugaðu að einungis uppsett tæki í kerfinu birtast.
7. Ýttu á þá kveikju sem á að nota. Ýttu til dæmis á „Opna/loka skynjara“ og veldu því næst tækið sem á að nota. Í dæminu ýtum við á „Aðaldyr“.
8. Skilgreindu hvað virkjar kveikjur og ýttu á „Í lagi“. Veldu til dæmis „Opna“.
9. Ýttu á „Aðgerðir“ (+). Þá verður beðið um að þú veljir aðgerð. Aðeins mögulegar aðgerðir birtast.
10. Ýttu á þá aðgerð sem á að nota. Við viljum nota myndavél til að taka upp alla þá sem koma inn um aðaldyrnar og því ýtum við á „Taka upp myndskleid“.
11. Ýttu á  við myndavélina sem þú vilt nota og ýttu því næst á „Í lagi“.
12. Ýttu á „Bæta við aðgerð“ (+) til að bæta við annarri aðgerð og endurtaktu þrep 10–11.
13. Ýttu á „Í lagi“ til að vista snjallregluna.

---


## 5.4 SVONA EYÐIR ÞÚ SNJALLREGLU

**Athugið:** Aðeins þeir notendur sem eru yfirnotendur geta eytt snjallreglum.

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Snjallreglur“.
3. Ýttu á „Eyða“.
4. Ýttu á  við þá snjallreglu sem þú vilt eyða.
5. Ýttu á „Eyða“ og ýttu því næst aftur á „Eyða“ til að staðfesta.
6. Ýttu á „Í lagi“.

## 5.5 SVONA ENDURNEFNIR ÞÚ SNJALLREGLU

**Athugið:** Aðeins notendur sem eru yfirnotendur geta endurnefnt snjallreglur.



1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Snjallreglur“.
3. Ýttu á þá snjallreglu sem þú vilt breyta.
4. Ýttu á „Breyta“.
5. Ýttu á „Lokið“.
6. Ýttu á „Í lagi“.

---


## 5.6 SVONA BREYTIR ÞÚ SNJALLREGLU

**Athugið:** Aðeins notendur sem eru yfirnotendur geta breytt snjallreglum.  
Þegar þú fjarlægir kveikju af snjallreglu verða allar aðgerðir reglunnar einnig fjarlægðar.

### Svona fjarlægir þú kveikju eða aðgerð:

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Snjallreglur“.
3. Ýttu á þá snjallreglu sem þú vilt breyta. [>]
4. Ýttu á „Breyta“.
5. Ýttu á  við þá kveikju eða aðgerð sem þú vilt eyða.
6. Ýttu á „Eyða“.
7. Ýttu á „Lokið“.
8. Ýttu á „Í lagi“.





### Svona breytir þú kveikju eða aðgerð:

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Snjallreglur“.
3. Ýttu á þá snjallreglu sem þú vilt breyta.
4. Ýttu á þá kveikju eða aðgerð sem þú vilt breyta.
5. Gerðu breytingarnar.
6. Ýttu á „Í lagi“.
7. Ýttu á „Í lagi“ þegar breytingunum er lokið.

---

## 5.7 SVONA GERIRÐU SNJALLREGLU VIRKA EÐA ÓVIRKA

**Athugið:** Aðeins notendur sem eru yfirnotendur geta gert snjallreglur virkar og óvirkar.

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Snjallreglur“.
3. Ýttu á þá snjallreglu sem þú vilt stilla.
4. Ýttu á þennan hnapp  til að gera regluna virka eða óvirka.
  -  merkir að reglan er virk.
  -  merkir að reglan er óvirk.
5. Ýttu á „Í lagi“.

# 6. FLÝTILEIÐIR

Flýtleiðir eru sérstiltir hnappar sem veita þér beinan aðgang að völdum eiginleikum. Þú getur búið til allt að níu flýtleiðir og til eru þrens konar flýtleiðir:

1. Snjallreglur – framkvæmd snjallreglna.
2. Stjórnun – stjórnun snjalltækja.
3. Myndskeið – myndstraumar í beinni útsendingu



## Aðalvalmynd

Þú færð aðgang að flýtleiðunum gegnum aðalvalmyndina.

## Flett í gegnum flýtleiðirnar á upphafssíðunni


Aðeins er hægt að sjá þrjár flýtleiðir í einu. Ef þú hefur búið til fleiri en þrjár flýtleiðir geturðu flett yfir flýtleiðirnar til að sjá fleiri.

## Flýtleiðir

Flýtleiðirnar eru neðarlega á upphafssíðunni, undir virkjunarhnöppum. Þegar þú ýtir á flýtleið opnast aðgerðin sem flýtleiðin vísar í.



---

## 6.1 SVONA BÝRÐU TIL FLÝTILEIÐ

1. Ýttu á „+“ neðst á upphafssíðunni.
2. Ýttu á þá gerð flýtleiðar sem þú vilt búa til. Þú getur valið snjallreglu, stjórnun eða myndskleið.
3. Ýttu á  við þá snjallreglu, tæki eða myndskleið sem þú vilt búa til flýtleið í.
4. Ýttu á „Í lagi“.

Heiti flýtleiðarinnar er búið til sjálfkrafa út frá þeirri reglu, því tæki eða þeirri myndavél sem flýtleiðin er búin til í.

## 6.2 SVONA EYÐIRÐU FLÝTILEIÐ

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Flýtleiðir“.
3. Ýttu á „Breyta“.
4. Ýttu á  við þá flýtleið sem þú vilt eyða.
5. Ýttu á „Eyða“.
6. Ýttu á „Lokið“.



# 7. MYNDSKEIÐ

---

Þú getur skoðað myndскеið í Snjallöryggisappinu á þrjú mismunandi vegu:

1. Í beinni – horfa á myndскеið í beinni útsendingu úr myndavélaskynjum.
2. Safn – horfa á upptökur úr myndavélaskynjum.
3. Sía – skoða og horfa á upptökur af völdum dagsetningum.



## ATHUGIÐ

Myndskeið úr myndavélum í hreyfiskynjara eru einungis hugsuð til að staðfesta edli boða frá kerfinu. Sökum þess að skynjari er ekki straumvæddur með öðru en rafhlöðu er um takmörkuð myndgæði að ræða í myndavél í hreyfiskynjara. Hægt er að tengja HD-myndavélar við kerfið.

## Myndskeið

Ýttu á þennan hnapp til að fara á síðuna „MYNDSKEIÐ“



---

## 7.1 MYNDSKEIÐ Í BEINNI ÚTSENDINGU

Þú getur notað Snjallöryggisappið til að horfa á myndskeið úr myndavélaskynjum. Stöðumyndskeið er stuttur myndbútur sem hægt er að kalla fram eftir óskum. Þegar þú horfir á stöðumyndskeið er það tekið upp til að þú getir horft á það aftur síðar.

**Athugið:** Það fer eftir notandasniði hvort þú getur horft á stöðumyndskeið. Nánari upplýsingar um notandasnið eru á blaðsíðu 34.

### Til að horfa á stöðumyndskeið

1. Ýttu á „MYNDSKEIÐ“. Síðan „Myndskeið“ opnast.  
Á síðunni er listi yfir allar myndavélar sem eru tiltækar.
2. Ýttu á  við myndavélina sem þú vilt nota.  
Skjár með lifandi myndskeiði opnast.  
Stöðumyndskeiðið er spilað og tekið upp  í allt að 40 sekúndur.

### Tákn stöðumyndskeiða

**STOPP-tákn (ferningur):** Gera hlé á spilun og stöðva upptöku.

**SPILA-tákn (þrihyrningur):** Horfa á og taka upp annað stöðumyndskeið.

---

## 7.2 MYNDSKEIÐ

**Athugið:** Það fer eftir notandasniði hvort þú getur horft á myndskaið.



### Tegundir myndskaiða

 – **Víðvörðunarmyndskaið:** tekin upp vegna atviks.

 – **Stöðumyndskaið:** tekin upp af notanda.

 – **Reglumyndskaið:** tekin upp vegna snjallreglu.

### Til að horfa á myndskaið í safni

1. Ýttu á „MYNDSKEIÐ“. Þá birtist listi yfir tiltækar myndavélar.
2. Ýttu á  við myndavél sem þú vilt skoða. Nú er hægt að velja dagsetningar.
3. Veldu upphafs- og lokadagsetningu. Ýttu á „Í lagi“.  
Nú birtist listi yfir þau myndskaið sem hafa verið tekin upp og vistuð á völdu tímabili.
4. Ýttu á  við það myndskaið sem þú vilt horfa á.

### Tákn myndskaiða

**Tákníð GERA HLÉ (tvö lóðrétt strik):** Gera hlé á spilun myndskaiðs.

**SPILA-tákn (þríhyrningur):** Spila myndskaið.

**SENDA:** Sendir myndskaiðið á netfangið sem var notað við innskráningu í appið.

# 8. TÆKI – SKYNNJARAR OG SNJALLTÆKI

**Athugið:** Aðeins notendur sem eru yfirnotendur geta haft umsjón með skynjum og snjalltækjum.

## **Þú getur valið um eftirfarandi:**

- Þú getur bætt við skynjum og snjalltækjum
- Þú getur séð stöðu skynjara og tækja
- Þú getur bætt við, breytt eða eytt flögu
- Þú getur fjarlægt skynjara og snjalltæki

### **Aðalvalmynd**

Ýttu á valmyndartáknid til að fá aðgang að valmyndinni „Tæki“.

### **Snjallheimili**

Þú getur haft umsjón með snjalltækjum á síðunni „SNJALLHEIMILI“.




### **Flýtleiðir**

Þú ert til flýtleiðir í snjalltæki til að hafa aðgang að þeim beint af upphafssíðunni.

---


## 8.1 SVONA BÆTIR ÞÚ VIÐ TÆKI

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Tæki“.
3. Ýttu á „Bæta við tæki“. Nú birtist listi fyrir tegundir tækja sem eru í boði.
4. Veldu tegund tækis.
5. Ef þú bætir við flögu skaltu velja eiganda fyrir flöguna.
6. Þörunarsíða opnast, þar sem skönnun tækis hefst.  
Berðu flöguna upp að stjórnborðinu.
7. Sláðu inn heiti og/eða staðsetningu tækisins.

**Athugið:** Ef tengja á flögu við nýjan notanda þarf fyrst að fjarlægja flöguna úr kerfinu og bæta henni svo aftur við.

## 8.2 SVONA ATHUGARÐU STÖÐU TÆKJA

**Athugið:** Staða snjalltækja og fjarstýringa birtist ekki.

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Tæki“. Listi yfir uppsett tæki birtist. Eftirfarandi sést einnig:

**Staða rafhlöðu**  í þeim tækjum sem ganga fyrir rafhlöðum.

**Sendistyrkur.**  Sambandsstyrkur tækisins við stjórnstöð.

---

## 8.4 SVONA STJÓRNAR ÞÚ SNJALLTÆKJUM

Þú getur fjarstýrt völdum snjalltækjum með Snjallöryggisappinu.

Til dæmis er hægt að deyfa ljós um 25% eða slökkva á loftræstikerfinu.

Á bls. 49 er listi yfir snjalltæki sem kerfið styður.

1. Ýttu á „SNJALLHEIMII“.
2. Veldu það tæki sem þú vilt stjórna.

**Athugið:** Þú getur búið til flýtleiðir í snjalltæki. Þannig geturðu sleppt skrefum eitt og tvö.



3. Veldu stillingar tækisins. Þessi síða getur verið breytileg eftir tækjum.  
Bíða gæti þurft í nokkrar sekúndur þar til breytingarnar verða virkar.

**Athugið:** Snjalltæki með orkusparnaðarstillingu gætu verið lengur að svara.

4. Ýttu á „<“ efst í hægra horni til að fara til baka á síðuna „Snjallheimili“.

---

## 8.5 SVONA FJARLÆGIR ÞÚ TÆKI

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Tæki“.
3. Ýttu á „Eyða“.
4. Ýttu á  við það tæki sem þú vilt fjarlægja úr kerfinu. Staðfestingargluggi birtist.
5. Ýttu á „Í lagi“.
6. Ýttu á „Í lagi“.

### **Athugið:**

Ef snjallregla tengist tæki sem þú fjarlægir verða kveikjur og aðgerðir tækisins fjarlægðar úr snjallreglunni.

Ef þú vilt fjarlægja snjalltæki skaltu kynna þér hvernig það er gert í notkunarleiðbeiningum snjalltækisins.

# 9. NOTENDUR

---

Tegundir notenda eru tvær: Yfirnotandi og venjulegir notendur.

Hægt er að skilgreina allt að 2 yfirnotendur og 30 venjulega notendur.


Aðgerðir	Yfirnotandi	Notandi
Virkja kerfið og taka af verði	✓	✓
Bæta við og fjarlægja notendur	✓	
Breyta notendaupplýsingum	✓	✓
Sjá lista yfir tæki	✓	✓
Stjórna Z-Wave snjalltækjum	✓	
Sjá skilgreiningar snjallreglna	✓	✓
Stjórna snjallreglum	✓	
Stjórna snjalltækjum	✓	✓
Sendu neyðarboð með fjarstýringu	✓	✓
Sjá stöðumyndskleið (stillt í notendaupplýsingum)	✓	✓
Sjá viðvörunarmyndskleið	✓	
Sjá atvik (stillt í notendaupplýsingum)	✓	✓
Setja upp flýtleiðir	✓	✓



---


## 9.1 SVONA BÆTIR ÞÚ VIÐ NOTANDA

**Athugið:** Aðeins yfirnotendur geta bætt notendum við.

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Notendur“.
3. Ýttu á „Bæta notanda við“.
4. Veldu þá gerð notenda sem þú vilt bæta við.  
Ef notandinn hefur ekki verið skráður í kerfinu skaltu ýta á „Nýr notandi“.  
Ef notandinn er skráður í kerfinu skaltu ýta á „Skráður notandi“.
5. Sláðu inn upplýsingar um notandann.
  - Sláðu inn netfang sem verður notað fyrir innskráningu og tilkynningar.
  - Sláðu inn farsímanúmer.
  - Ýttu á  til að leyfa notandanum að sjá stöðumynskeið:
    - þýðir að notandinn getur séð stöðumynskeið
    - þýðir að notandinn getur ekki séð stöðumynskeið
  - Veldu valkosti tilkynninga við notenda: tilkynningar og tölvupóst.
  - Veldu tungumál tilkynninga.
6. Ýttu á „Í lagi“.

---

## 9.2 TILKYNNINGAR

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Notendur“.
3. Veldu þann notanda sem þú vilt stilla tilkynningu hjá.
4. Veldu „Valkostir tilkynninga“.

### Öryggisskilaboð:

Netfang  notandi fær tölvupóst.

Ýttu á  notandi fær tilkynningu frá appinu (notification).

Ýttu til að kveikja – veldu þær samskiptaleiðir (tölvupóst, vöktunartilkynningar) sem á að nota til að senda notandanum tilkynningar um boð frá kerfinu.

### Kerfisskilaboð:

Ýttu til að kveikja – veldu þær samskiptaleiðir (tölvupóst, vöktunartilkynningar) sem á að nota til að senda notandanum tilkynningar um tæknileg vandamál í kerfinu.


### Stöðuskilaboð:

Ýttu til að kveikja – veldu þær samskiptaleiðir (tölvupóst, vöktunartilkynningar) sem á að nota til að senda notandanum tilkynningar um snjallreglur.



---

## 9.3 SVONA BREYTIR ÞÚ NOTENDAUPPLÝSINGUM

Yfirnotandi hefur fullan aðgang að eigin notendaupplýsingum og getur breytt notendastigi, tilkynningaleiðum og aðgangi að myndskleiðum fyrir aðra notendur.

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Notendur“.
3. Ýttu á þann notanda sem þú vilt breyta.
4. Breyttu notendaupplýsingunum og ýttu á „Í lagi“.
5. Ef þú vilt breyta aðgangsröðinu skaltu ýta á „Breyta aðgangsröð“.
6. Sláðu inn þær upplýsingar sem beðið er um og ýttu á „Í lagi“.

## 9.4 SVONA FJARLÆGIRÐU NOTANDA

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Notendur“.
3. Smelltu á „Eyða“ í efra hægra horninu á skjánum.
4. Ýttu á  við þann notanda sem þú vilt fjarlægja.
5. Ýttu á „Já“.
6. Ýttu á „Í lagi“.

# 10. STAÐSETningar

## Tegundir notenda eru tvær: Yfirnotandi og venjulegur notandi.

Þú getur stillt og stjórnað fleiri en einni staðsetningu á Snjallöryggi.

- Hver staðsetning starfar óháð hinum og stjórnast af eigin beinum og tækjum.
- Aðeins er hægt að stjórna einni staðsetningu í einu.
- Við innskráningu velur forritið sjálfkrafa sjálfgefna staðsetningu.
- Þú getur skipt á milli mismunandi staðsetninga í forritinu.
- Þú getur úthlutað sama notanda á allt að fjórar staðsetningar.
- Þú færð send skilaboð frá öllum staðsetningum sem þú ert skilgreind(ur) sem notandi að.

## 10.1 SVONA FÆRÐU AÐGANG AÐ STAÐSETNINGUM

### Aðalvalmynd

Þú færð aðgang að „Staðsetningum“ gegnum aðalvalmyndina.

1. Ýttu á ☰.
2. Ýttu á „Stillingar“.
3. Ýttu á „Staðir (stjórnstöðvar)“.
4. Ýttu á „Bæta nýjum stað við“ til að bæta við.



### Skipt um staðsetningu


1. Ýttu á heiti núverandi staðsetningar.
2. Veldu þá staðsetningu sem þú vilt skipta yfir á.

Aðeins er hægt að stjórna einni staðsetningu í einu.


---

## 10.2 SVONA STILLIR ÞÚ INN SJÁLFGEFNAR STAÐSETningar

Þú getur valið sjálfgefna staðsetningu. Appið velur sjálfvirkt þá staðsetningu í hvert skipti sem þú opnar það.

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Stillingar“.
3. Ýttu á „Staðir (stjórnstöðvar)“.
4. Ýttu á „Sjálfgefinn staður (stjórnstöð)“.
5. Ýttu á þá staðsetningu sem þú vilt velja sem sjálfgefna.

## 10.3 SVONA ENDURNEFNIR ÞÚ STAÐSETNINGU

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Stillingar“.
3. Ýttu á „Staðir (stjórnstöðvar)“.
4. Ýttu á „Heiti“.
5. Sláðu inn nýja heitið.

---

## 10.4 SVONA STILLIR ÞÚ TÍMABELTI Í STAÐSETNINGUM

1. Ýttu á ☰. Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Stillingar“.
3. Ýttu á „Staðir (stjórnstöðvar)“.
4. Ýttu á „Tímabelti“.
5. Veldu landið þar sem staðsetningin er.
6. Veldu tímabeltið sem landið tilheyrir.

## 10.5 SVONA FJARLÆGIR ÞÚ STAÐSETNINGU AF NOTENDANAFNINU ÞÍNU

Þú getur fjarlæggt þig af núgildandi staðsetningu. Staðsetningin er áfram inni í kerfinu og aðrir notendur, sem hafa aðgang að þessari staðsetningu, hafa áfram aðgang að henni.

**Viðvörðun:** Ef enginn annar yfirnotandi en þú sjálf(ur) er tengdur við staðsetninguna þarftu fyrst að stofna annan yfirnotanda.

1. Ýttu á ☰. Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Stillingar“.
3. Ýttu á „Staðir (stjórnstöðvar)“.
4. Ýttu á „Staðir“.
5. Ýttu á „Eyða“ uppi í hægra horninu.
6. Veldu þann stað sem við á og veldu „Í lagi“.

# 11. ATVIK

---

## ATVIKASÍÐA



Ýttu á „ATVIK“ til að fá aðgang að atvikum í kerfinu.

Á atvikasíðunni birtist listi yfir síðustu 100 atvikaskilaboð úr tækjunum þínum. Þú getur aðeins séð skilaboð af þeirri gerð sem notendasniðið þitt heimilar.

### Svona síar þú atvikalistann:

1. Ýttu á „ATVIK“.
2. Ýttu á „Síur“.
3. Ef þú vilt sía eftir dagsetningum skaltu ýta á „Dagsetning“.
4. Sláðu inn upphafs- og lokadagsetningu og ýttu á „Í lagi“.
5. Ýttu á  við það tæki sem þú vilt búa til atvikalista fyrir.
6. Ýttu á „Í lagi“. Þá birtist listi yfir aðgengileg atvik.

### Athugaðu:

Hreyfiskynjarar og myndavélarskynjarar fara í hvíldarstöðu tveimur mínútum eftir hvert skráð atvik, í því skyni að lengja líftíma rafhlöðunnar. Á þeim tíma senda tækin ekki frá sér neinar upplýsingar um atvik.

# 12. STILLINGAR

---

Hægt er að stilla eftirfarandi:

- PIN-öryggisnúmer
- Aðgangskóða fyrir stjórnborð
- Skjá sem birtir hitastig
- Snið sendra tilkynninga

## 12.1 SVONA STILLIR ÞÚ PIN-ÖRYGGISNÚMERIÐ

Þú getur líka bætt við aukaöryggisþrepi fyrir Snjallöryggið þitt. Í fyrsta sinn sem þú opnar forritið og skráir þig inn skaltu slá inn „1234“ (sjálfgefið númer).

### Svona grunnstillir þú öryggisstigið

1. Ýttu á ☰. Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Stillingar“.
3. Ýttu á „PIN-númer“.
4. Ýttu á „Öryggisstig PIN-númers“.
5. Veldu öryggisstigið.

**Lítið öryggi:** Ekkert PIN-númer.


**Miðlungs öryggi:** Nota þarf PIN-númer til að aftengja kerfið.

**Mikið öryggi:** Nota þarf PIN-númer í hvert sinn sem þú notar forritið.



---


## **Svona breytir þú PIN-númerinu**

1. Fyrst þarf að ganga úr skugga um að PIN-öryggisnúmer hafi verið virkjað.
2. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
3. Ýttu á „Stillingar“.
4. Ýttu á „PIN-númer“.
5. Ýttu á „Breyta PIN-númeri“.
6. Sláðu inn gamla PIN-númerið og það nýja, þegar um það er beðið.

---

## 12.2 HITASTIG

Þú getur valið hvaða tæki birtir hitastig á upphafsskjánum þínum.

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Stillingar“.
3. Ýttu á „Hitastig“.
4. Ýttu á „Celsíus“ eða „Fahrenheit“.
5. Ýttu á „Sjálfgefið tæki“ til að velja tækið sem á að birtast á upphafssíðunni.
6. Ýttu á það tæki sem á að birtast á upphafssíðunni.

---







## 12.3 SVONA STILLIR ÞÚ TILKYNNINGAR

Þú getur stjórnað tilkynningum sem sendar eru í farsíma og viðvörunarhljóðum í farsíma.

### Svona stillir þú tilkynningar í iPhone-síma



1. Opnaðu „Stillingar“ í iPhone-símanum þínum.
2. Ýttu á „Tilkynningar“.
3. Veldu Snjallöryggisappið.
4. Veldu æskilegar stillingar.

### Svona stillir þú tilkynningar í Android-síma

1. Ýttu á . Aðalvalmyndin birtist.
2. Ýttu á „Stillingar“.
3. Ýttu á „Tilkynningar“.
4. Ýttu á  til að stilla tilkynningar:
  -  merkir að móttaka tilkynninga er virk.
  -  merkir að móttaka tilkynninga er óvirk.
5. Ýttu á  til að stilla viðvörunarhljóð:
  -  merkir að viðvörunarhljóð eru óvirk.
6. Ýttu á „◀“ til að fara til baka.


# 13. RAFHLÖÐUR

## Rafhlöðutákn

 sýnir hleðslu rafhlöðu fyrir valið tæki. Þegar hleðsla rafhlöðu er lítil  færðu senda viðvörðun.

## Athugaðu


Vararafhlaða stjórnstöðvar birtist ekki á listanum. LED-ljós stjórnstöðvar blikkar í grænu þegar hleðsla rafhlöðunnar er lítil. Það táknar að hleðslu-rafhlaðan hleður sig ekki. Þá skal hafa samband við Öryggismiðstöðina til að fá nýja vararafhlaðu.



## Listi yfir tæki

Þú getur kannað rafhlöðustöðuna á listanum yfir tæki

Svona sækir þú listann:

1. Ýttu á .
2. Ýttu á „Tæki“.  
Þá birtist listinn.

## Athugaðu

Þegar skipt er um rafhlöðu kann að heyrast skrólt, sem kemur frá búnaði inni í tækinu sem ætlað er að hindra skemmdarverk á tækinu. Þessi hljóð eru eðlileg og valda ekki tjóni á tækinu. Ráðleggingar umhverfisyrivalda um meðhöndlun á rafhlöðum: Rafhlöðum á að skila í endurvinnsluátt fyrir rafhlöður og þeim má ekki fleygja með heimilissorpi.

---

## 13.1 FJARSTÝRING

### **Gerð rafhlöðu**

Flöt, hringlaga 3 V CR2450 litíumrafhlaða

### **Leiðbeiningar**

1. Fjarlægðu hlífina með því að nota smámynt til að snúa henni rangsælis.
2. Taktu gömlu rafhlöðuna úr.
3. Ýttu fimm sinnum á hnappana til að afhlaða rafrásina.
4. Settu nýja rafhlöðu í.
5. Settu hlífina aftur á með því að nota smámynt til að snúa henni réttisælis.

---

## 13.2 HREYFISKYNJARAR/MYNDAVÉLASKYNJARAR

### Gerð rafhlöðu

Hreyfiskynjari: 2 AA alkaline-rafhlöður

Hreyfiskynjari með myndavél: 3 AA alkaline-rafhlöður

### Leiðbeiningar

1. Losaðu tækið úr undirstöðufestingunni.
2. Á myndavélaskynjara skaltu fjarlægja hlífina yfir rafhlöðuhólfinu.
3. Taktu gömlu rafhlöðurnar úr.
4. Hristu tækið gætilega til að afhlaða rafrásina.
5. Settu nýju rafhlöðurnar í.
6. Settu hlífina á myndavélaskynjaranum aftur á.
7. Settu tækið aftur í undirstöðufestinguna.

## 13.3 DYRA- OG GLUGGASKYNJARI / VATNSSKYNJARI / ALMENNUR SENDIR

### Gerð rafhlöðu

1 AA alkaline-rafhlaða

### Leiðbeiningar

1. Taktu tækið úr undirstöðufestingunni.
2. Taktu gömlu rafhlöðuna úr.
3. Settu nýja rafhlöðu í.
4. Settu tækið aftur í undirstöðufestinguna.

---

## 13.4 SÍRENA

### Gerð rafhlöðu

4 AA alkaline-rafhlöður

### Leiðbeiningar

1. Taktu sírenuna úr undirstöðufestingunni.
2. Fjarlægðu gömlu rafhlöðurnar.
3. Virkjaðu tengi fyrir skemmdarverkvörn til að núllstillta tækið.




4. Settu nýju rafhlöðurnar í.
5. Settu sírenuna aftur í undirstöðufestinguna.

## 13.5 STJÓRNBORÐ


**Gerð rafhlöðu:** 3 AA alkaline-rafhlöður

A. Taktu stjórnborðið úr undirstöðufestingunni.

Fjarlægðu gömlu rafhlöðurnar.




B. Ýttu á hnappinn fyrir skemmdarverkavörn, aftan á tækinu, til að núllstillta tækið.



C. Settu nýju rafhlöðurnar í.

D. Settu stjórnborðið aftur í undirstöðufestinguna.





# 14. SNJALLTÆKI SEM SNJALLÖRYGGI STYÐUR

---

## Snjallöryggi styður

*Cloud Integration*



Snjall hitastýring

*Nest Self Learning Thermostat*



Dag/nótt myndavél, inni/úti

*Panasonic/Dahua HD WiFi Day/Night Indoor and outdoor cameras*



---

## **ZWAVE** white list

### Veggrofar og dimmar / *In-wall Switches and Dimmers*

**Aeotec**  
SmartThings Certified

Dimmir  
*Aeotec Micro Smart Dimmer*



**Aeotec**  
SmartThings Certified

Rofi  
*Aeotec Micro Smart Switch*



  
**FIBARO**

Fibaro Relay Insert 1  
*2.5 KW*



---

### Utanálggjandi tengi / *Wall Plugs*

**Aeotec**  
SmartThings Certified

Dimmir  
*Aeotec Smart Dimmer 6*



**Aeotec**  
SmartThings Certified

Rofi  
*Aeotec Smart*



 Tili  
vefverslun  
á öryggis

**Aeotec**

Rofi  
*Aeotec Smart Switch Gen 5*



**Aeotec**

Rofi  
*Aeotec Smart Energy Switch*



**FIBARO**

Rofi  
*Fibaro Rofi Wall Plug*



**Remotec**

Dimmir  
*Remotec Plug-in Dimmer*



**TKB Home**

TKB Plug-in Socket



**POPP**

Rofi og dimmir  
*POPP Wall Plug Switch and Dimmer*



**BE**  **NEXT**

Dimmir  
*BeNext Plug-in Dimmer*



---

## Lýsing / Lighting



Snjallpera  
*Zipato RGBW Led Bulb*



HomePro Plug In Lamp Module



Intermatic Screw-In Lamp



**Aeotec**

Snjallpera  
*Aeotec Led Bulb*



 **NORTEK**  
SECURITY & CONTROL

Snjallpera  
*Nortek/Linear Dimmable LED Bulb*



## Hurðastýringar / Door Locks



Hurðalás  
*Yale Touchscreen Deadbolt*



Hurðalás  
*Yale Keyfree*



Hurðalás  
*Yale YDM 3168*



Hurðalás  
*Queenlock Z-Wave Mortise Lock*





Hurðalás  
*Queenlock Z-Wave Deadbolt Lock*



Hurðalás  
*Danalock*



---

## Hitastýringar / Thermostats



Hitastýring  
*Danfoss Radiator Valve Thermostat*



Hitastýring  
*Devilink floor Thermostat*



Hitastýring  
*Heatit Z-wave Thermostat  
[HEAE5430499]*



Hitastýring  
*Remotec AC IR Extender*



**SECURE**

Hitastýring  
*Secure Programmable Thermostat*



**RadioThermostat**  
Radio Thermostat Company of America

Hitastýring  
*Z-Wave Programmable Thermostat*



---

## Annað / Other

**FORTREZ Z**

Vatnsloki  
*Fortrez Wireless Water Valve*



**AEOTEC**  
AEOTEC

Endurvarpi  
*AEOTEC Range Extender (DSD37-ZWEU)*



**AEOTEC**  
AEOTEC

Bílskúrshurðaðopnari  
*AEOTEC Garage Door Controller Gen 5*



**FORTREZ Z**

Breytir  
*Breytir hefðbundnu tengdu tæki í  
2-wave þráðlaust snjalltæki  
Mimo interface module (model MI 48326)*





**Bílskúrshurðaðopnari**  
*NORTEK Z-Wave Garage Door Opener  
Remote Controller, GD00Z and GD00Z-4*




**Rúðubrotsnemi**  
*NORTEK GoControl GB00Z:  
Smart Glass Break Detector*





# FÁÐU FREKARI UPPLÝSINGAR

Frekari upplýsingar er einnig að finna í valmyndaratríðinu „Hjálp“ í appinu. Þar má m.a. finna upplýsingar um virkni kerfisins, s.s. að setja inn nýja notendur, snjallreglur og ýmsan snjallan aukabúnað.



**Gagnleg símanúmer:**

**Stjórnstöð – 530 2400**

**Þjónustuver – 570 2400**

Öryggismiðstöðin | Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2 400

Njarðarnesi 1 | Akureyri | Sími 470 2 400

